

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 31. janúar 2023 í máli nr. 31/2022

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild

Þann 28. mars 2022 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

II

Málsatvik, ágreiningsefni og málsmeðferð

Atvik máls þessa eru um margt óljós en ráða má af framlögðum gögnum að ágreiningur aðila varðar tvö jarðvegsverk sem varnaraðili tók að sér fyrir sóknaraðila í landi [...] árið 2021. Virðist sem aðilar sömdu um verkið með munnlegum hætti. Samkvæmt framlögðu skjali sem tilgreint er sem fylgiskjal með reikningi varnaraðila fól annað verkanna í sér lagningu vatns- og rafmagnslagna, vinnu við tengingar og frágang á brunnum í lóð [...]. Þá hafi hitt verkið verið unnið af varnaraðila fyrir eigendur þriggja fasteigna, þar af sóknaraðila, og fól það í sér vinnu við sameiginlega fráveitu og hreinsistöð á landinu. Skyldi kostnað vegna þess verks skiptast á milli eigendanna þriggja. Eins og kvörtun sóknaraðila er sett fram virðist í fyrstu sem ágreiningur aðila varði aðeins greiðslufjárhæð beggja reikninga og byggir sóknaraðili á því í kvörtuninni að varnaraðili hafi ofrukkað fyrir bæði verkin, þar með talið efniskostnað þeirra. Þá vísar sóknaraðili jafnframt til þess að varnaraðili hafi hvorki látið af hendi neinar vinnuskýrslur né veitt sóknaraðila upplýsingar um sundurliðun reikninganna. Má skilja kröfugerð sóknaraðila í kvörtuninni á þann veg að hún krefðist lækkunar á reikningum varnaraðila.

Þann 27. júní 2022 lagði varnaraðili fram andsvör sín við kvörtun sóknaraðila og krafðist hann þess að kröfu sóknaraðila yrði hafnað. Í athugasemdum sínum við andsvörum varnaraðila, dags. 28. júní 2022, gerir sóknaraðila þess auki fjölmargar athugasemdir við verkið sjálft og frágang þess. Þá vísar sóknaraðili til þess í athugasemdum sínum að verkinu sé enn ólokið. Degi síðar lagði varnaraðili athugasemdir sínar við athugasemdum sóknaraðila. Af athugasemdum beggja aðila þykir ljóst að ágreiningur aðila varðar bæði greiðslufjárhæð verkanna sem og þá fjölmörgu ágalla sem sóknaraðili telur hafa verið á vinnu varnaraðila. Í kjölfar framlagningar umsagna aðila sendi sóknaraðili kærunefndinni undir meðferð málsins fjölda skilaboða og tölvupósta með nýjum upplýsingum og gögnum varðandi ágreining aðila. Þann 8. desember gaf kærunefndinni sóknaraðila kost á að bæta úr málatilbúnaði sínum sem og sóknaraðili gerði þann sama dag.

III

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Kærunefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem fellur ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegrri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. laganna.

Samkvæmt e. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 geta viðurkenndir úrskurðaraðilar og kærunefnd vöru- og þjónustukaupa vísað málum frá þegar kvörtun er metin ótæk til meðferðar hjá viðurkenndum úrskurðaraðila eða kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. einnig 3. mgr. 16. gr. laga nr. 81/2019, er málsmeðferð hjá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa skrifleg. Í 2. mgr. ákvæðisins segir meðal annars að málsaðilum skal veittur réttur til umsagnar um rökstuðning, sönnunargögn, skjöl og staðreyndir, sem gagnaðili leggur fram. Í 3. mgr. ákvæðisins segir að nefndin geti beint spurningum og beiðnum um framlagningu gagna skriflega til málsaðila. Nefndin getur einnig veitt málsaðila stuttan frest til úrbóta ef hún telur erindi hans áfátt á einhvern hátt eða kvörtun ótæka til meðferðar samkvæmt e. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019, sbr. og 4. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar.

Við upphaf meðferðar málsins hjá kærunefndinni var óskað eftir því að sóknaraðili myndi uppfæra kvörtun sína í því skyni að skýra kröfugerð sína betur enda taldi kærunefndin kröfugerð sóknaraðila óljósa. Þá var óskað eftir umboði kvartanda til að fara með málið fyrir kærunefndina fyrir hönd sóknaraðila. Varð sóknaraðili við ósk kærunefndarinnar um framlagningu umboðs en gerði engar breytingar á kröfugerð sinni. Í kjölfar þess að málsaðilar höfðu lagt fram umsagnir sínar í samræmi við áður nefnt ákvæði 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar hóf sóknaraðili að senda kærunefndinni fjölmörg skilaboð og tölvupósta með upplýsingum sem höfðu ekki áður komið fram sem og fjölda gagna. Er það mat kærunefndar að óskýrleiki málatilbúnaðar sóknaraðila verður ekki lagfærður í athugasemdum til nefndarinnar sem varnaraðili getur ekki brugðist við. Var sóknaraðila því gefinn kostur á bæta úr þeim óskýrleika sem kærunefndin taldi vera á málinu sem og sóknaraðili gerði með tölvupósti þann 8. desember 2022.

Að mati kærunefndarinnar eru málsatvik um margt enn afar óljós sem og málatilbúnaður sóknaraðila þrátt fyrir að sóknaraðila hafi verið gefinn kostur á úrbóta í samræmi við 3. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019. Þá er auk þess þörf á nákvæmri skoðun óvilhalls sérfróðs aðila á hinu umþrætta verki, þar á meðal greiningu á hans á umfangi þess og þeim aðgerðum sem getur verið nauðsynlegt að framkvæma til að bæta úr þeim ágöllum sem sóknaraðili telur vera á verkinu. Verður ekki séð að þær upplýsingar sem fram koma í gögnum málsins, eða þær sem unnt er að afla við meðferð málsins hjá kærunefndinni skv. 3. og 4. gr. reglugerðar nr. 1177/2019, geti verið fullnægjandi grundvöllur fyrir efnislegan úrskurð um kröfur sóknaraðila í garð varnaraðila. Þá verður ekki séð að heimild nefndarinnar til að afla álits sérfróðs aðila á ágreiningnum, sbr. 10. gr. fyrrnefndrar reglugerðar og 3. mgr. 16. gr. laga nr. 81/2019, sé til þess fallin að upplýsa málið á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Loks ber að nefna að nefndin hefur ekki heimild til að kalla fyrir aðila eða vitni til að bera um málsatvik enda eru þau óskýr líkt og áður hefur verið rakið.

Með hliðsjón af öllu framangreindu er það mat kærunefndar vöru- og þjónustukaupa að ágreiningur málsins verði ekki leystur með fullnægjandi hætti hjá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Er kærunefndinni því ekki annað fært en að vísa kvörtun sóknaraðila frá með vísan til

1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019, sbr. e. liði ákvæðisins, og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1177/2019.

IV
Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, [...], er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt c. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson